

Október 2004

FRIDLÝSINGARFLOKKAR

UPPLÝSINGAR ER VARÐA FRIDLÝSINGARFLOKKA SAMKVÆMT LÖGUM UM NÁTTÚRUVERND

Íslenski haförnninn var fyrstur til að njóta friðunar samkvæmt íslenskum lögum árið 1914. Friðun landsvæða, ef frá eru skilin landgræðsla- og skógrækt á sér um 75 ára sögu eða frá því Þingvellir voru verndaðir með sérlögum árið 1930. Friðlýst svæði voru fá framundir 1970 en fjölgaði mjög á áttunda áratugnum. Friðlýst svæði eru nú 91. Þorri svæðanna, eða 88, er friðlýstur samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þrjú svæði eru friðlýst með sérlögum.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að svæði skuli friðlýst er metið hvaða friðlýsingarflokk ber að nota og fer það eftir markmiðum friðlýsingarinnar og landnotkun. Samkvæmt lögum um náttúruvernd skiptast friðlýsingar í nokkra flokka og byggist sú flokkun meðal annars á viðmiðum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Flokkarnir eru eftirfarandi:

ÞJÓÐGARÐAR (IUCN - FLOKKUR II)

Landsvæði sem ástæða þykir til að vernda fyrir núverandi og komandi kynslóðir vegna:

- sérstæðs landslags og náttúruvafars
- vistfræðilegrar heildar
- sögulegrar helgi sem hvílir á svæðinu
- sóknarfæra á sviði andlegra og vísindalegra málefna, fræðslu og útivistar sem samrýmast umhverfi og menningu


Þjóðgarðar eru þrír, í Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi. Þingvellir eru friðlýstir sem helgistaður þjóðarinnar með sérlögum.

FRIDLÖND (IUCN - FLOKKUR IA)

Landsvæði sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- sérstæðs gróðurvafars, dýralífs eða jarðmyndana
- sérstaks landslags eða landslagsheildar
- menningarmínja eða sögu
- útivistargildis
- fræðslugildis

Friðlönd eru 37.



Á ÍSLANDI ER 91 SVÆÐI FRIDLÝST:

3 þjóðgarðar
37 friðlönd
34 náttúruvætti
13 fólkvangar

1 búsvæði
3 svæði vernduð með sérlögum



NÁTTÚRUVÆTTI Í HAFI OG Á LANDI (IUCN - FLOKKUR III)

Náttúrumyndanir á landi eða í sjó sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna, t.d.:

- fossar, eldstöðvar, hellar, drangar
- fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda

Friðlýst náttúruvætti eru 34.

FRÍÐLÝSING LÍFVERA (IUCN - FLOKKUR IV)

Lífverur sem miklu skiptir að ekki verði fækkað eða útrýmt vegna:

- náttúrufræðilegra eða annarra menningarlegra sjónarmiða

Friðlýstar háplöntutegundir eru 31.

BÚSVÆÐI (IUCN - FLOKKUR IV)

Svæði á landi eða í sjó sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- mikilvægis fyrir tiltekna tegund. Þannig er tegundinni tryggt athvarf án tillits til landslags, útivistargildis eða annarra utanaðkomandi þátta

Eitt svæði, á Hvanneyri, er friðlýst sem búsvæði blesgæsar.

VISTKERFI (IUCN - FLOKKUR IV)

Svæði sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að verði ekki raskað. Á Íslandi er ekkert svæði friðlýst sem vistkerfi.

FÓLVANGAR (IUCN - FLOKKUR V)

Svæði sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- útivistar og almenningsnota

Fólvangar eru yfirleitt stofnaðir að frumkvæði sveitarfélaga sem sjá einnig um rekstur þeirra.

Fólvangar á landinu eru 13.



Á heimasíðu Umhverfisstofnunar <http://www.ust.is> er að finna auglýsingar um friðlýst svæði, þar sem mörkum svæðanna er lýst og fram koma reglur sem um svæðin gilda.